

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 115. fundur haldinn 20. ágúst 2014 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Mætt voru: Biskup Íslands frú Agnes Sigurðardóttir, Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason, verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson forstjóri KGA, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru fulltrúar í nefnd sem fjalla á um fjármál kirkjugarða o.fl. Guðrún Ögmundsdóttir frá fjármálaráðuneytinu, Jóhannes Finnur Halldórsson, Fanney Óskarsdóttir og Oddur Einarsson frá innanríkisráðuneytinu. Þórsteinn Ragnarsson boðaði forföll en hann er fulltrúi Kirkjugarðaráðs í nefndinni.

### 1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00.

### 2. Kynning á starfsemi Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambands Íslands

a. Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti starfsemi kirkjugarðaráðs.

Ráðið byggir á lögum nr. 32/2002 með síðari breytingum. Framkvæmdastjóri gat þess að af þeim gördum sem haft er eftirlit með eru 291 garðar í notkun, 66 niðurlagðir eða sóknir hafa lagst af og heimagrafreitir 160.

b. Jóhannes Finnur Halldórsson gerði grein fyrir skipan nefndarinnar sem fjalla á um fjármál kirkjugarða og hvernig hún starfar.

c. Sigurgeir Skúlason kynnti vinnu við kortlagningu kirkjugarða sem nauðsynlegt var að vinna í tengslum við gjaldamódelið og til að fá heildaryfirlit yfir þau svæði landsins sem búið væri að grafa í.

d. Smári Sigurðsson gerði grein fyrir Kirkjugarðasambandi Íslands.

Nefndarmenn yfirgáfu fundinn að loknum þessum dagskrárlið.

### 3. Erindi frá Kirkjugörðum Akureyrar vegna greiðslu vegna útfarar

Lagt var fram erindi frá Jóni E. Berg sem óskaði eftir greiðslu vegna umsjónar með kveðjustund á Akureyri. Með tilvísan til 4. gr. í reglugerð nr. 155/2005 er Kirkjugarðaráð ekki vettvangur til að fjalla um málið og framsendi ráðið því erindið til biskups, sbr. III. Kafli, 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### 4. Bréf Kirkjugarðaráðs og KGSÍ til innanríkisráðuneytisins vegna greiðslu fyrir aukaverk presta lagt fram.

**5. Fundargerð síðasta fundar**

Frestað til næsta fundar sem haldinn verður 15. september á Ísafirði.

**6. Önnur mál.**

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl.15:35.

---

Ragnildur Benediksdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari